

Áskorun til Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur, ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar

Í ljósi þess að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur staðfest óréttláta og ólögmæta ákvörðun Fyrirtækjaskrár Ríkisskattstjóra og þar sem ráðherra hefur lagt fram frumvarp sem varðar grundvallarréttindi neðangreindra aðila, teljum við okkur tilneydd til að senda áskorun þessa til Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Krefjumst við þess að ráðherra grípi til aðgerða til verndar réttindum félaga ungs fólks og réttindum félagsmanna þeirra til virkrar og raunverulegrar þátttöku, m.a. með stjórnarsetu og ákvörðunarvaldi.

Aðdragandi málsins er sá að Ríkisskattstjóri (RSK) hafnaði LUF um afgreiðslu lögboðinna tilkynninga félagsins, á þeim forsendum að ólögráða einstaklingur var réttkjörinn í stjórn félagsins. Sú höfnun brýtur gegn stjórnarskrárvörðum og lögbundnum rétti ungmenna til þátttöku í félögum. Ljóst er að RSK skortir lagaheimild til grundvallar ákvörðunar sinnar. Standi hún óhöggð er þar að auki um grundvallarbreytingu á starfsemi almennra félaga að ræða og takmarkað all verulega félagaréttarlegt samningsfrelsi þeirra. Þá vilja neðangreindir aðilar einnig lýsa yfir andstöðu sinni við ákvæði frumvarps til laga um félög til almannaheilla um lögræðisaldur sem hæfnisskilyrði fyrir stjórnarsetu í félögum. LUF og fleiri félög hafa m.a. látið þá skoðun í ljós í umsögnum um frumvarpið.¹

Undirritaðir aðilar eru almenn félög sem rekin eru af ungu fólki fyrir ungt fólk. Gegna slík félög mikilvægu hlutverki í lýðræðissamfélagi. Þau standa vörð um réttindi barna og ungmenna, gæta hagsmuna þeirra og stuðla að aukinni lýðræðis- og samfélagsþátttöku. Einn helsti kostur þessarar tegundar félaga er þjálfun og aukin færni ungs fólks sem innan þeirra starfa í félagsstörfum, hagsmunabaráttu og samfélagsþátttöku. Með því að halda ungu fólki gagnert frá þátttöku í stjórnnum félaga sem fyrir þau starfa er þar með vegið að tilgangi og markmiðum þessa rótgróna félagafarms og gengið gegn viðteknum reglum og venjum þess innan Evrópu.

Almenn félög ungs fólks eru ekki rekin í ágóða- eða atvinnuskyni heldur vinna að hagsmunastarfi barna og ungs fólks með áherslu á að virkja þátttöku þeirra, m.a. með sjálfbóðastarfi. Þau eru afar ólík félögum sem stunda atvinnurekstur og því er ekki eðlilegt, og raunar lagalega ótækt eins og málum er háttað, að gera sömu kröfur fyrir stjórnarsetu milli þessara félagafarma. Neðangreindir aðilar vekja athygli á að ófjárráða einstaklingar bera þegar skaðabóta- og refsíabyrgð og er heimilt að ráðstafa sjálfsaflafé sínu og óverulegum upphæðum. Þar að auki hefur fjárræði aldrei verið forsenda fyrir umboðsmennsku, m.a. hvað fjármunaréttarlega gerninga varðar, nema þess sé sérstaklega krafist í lögum².

¹ Sjá umsögn Landssambands ungmannafélaga (LUF):

<https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-5476.pdf>, umsögn Sambands íslenskra framhaldsskólanema (SÍF): <https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-5529.pdf> og umsögn Barnaheilla: <https://www.althingi.is/altext/erindi/150/150-429.pdf> sem allar vekja máls á þessum vandkvæðum frumvarpsins.

² Ekki er gerð krafa um fjárræði umboðsmanns í II. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggjeringa nr. 7/1936. Þar er hins vegar gerð krafa um fjárræði umbjóðanda, sbr. 22. gr. laganna. Má því gagnálykta að hljóð löggjafans í þessum efnun sé af ásettu ráði. Sjá einnig Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 177 og 207 þar sem tekið er í sama streng.

Almennum félögum er lögum samkvæmt í sjálfsvald sett að skipa stjórnir sínar, enda gilda samþykktir þeirra fullum fetum nema lög mæli á annan veg. Ekki er að finna í íslenskum rétti lög um almenn félög og stjórnskipulag þeirra og er því alvarlegt að stjórnvöld taki upp á sitt einsdæmi að breyta þeim lögum og venjum sem félagsmenn hafa komið sér saman um og marka grundvöll hvers og eins félags.

Ekkert er því til fyrirstöðu að ungmenni á aldrinum 16-35 ára, sem hafa til þess þroska og njóta trausts félagsmanna, taki sæti í fjölskipuðum stjórnnum almennra félaga á grundvelli lýðræðislegs umboðs. Hefur það tíðkast í áraradír án þess að hafa á nokkurn hátt áhrif á gerhæfi félaga sem sjálfstæðra lögaðila, enda geta einstakir stjórnarmenn ekki efnt til skulda og skuldbindinga fyrir hönd almennra félaga. Gömul og rótgróin félög ungs fólks hafa til hundruða ára stuðst við álíka aldursbil í lögum sínum án vandkvæða.

Þar fyrir utan telja áskorendur að með breytingum á reglum um stjórnskipan félaga ungs fólks sé vegið að jafnræði og sjálfstæðum mannréttindum barna og ungmenna. Félagafrelsisákvæði 74. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, gildir jafnt um börn sem og fullorðna. Ákvæðið er einn hornsteinn lýðræðissamfélaga og veitir einstaklingum færi á að efna til umræðu og hafa með því áhrif á stjórnvöld. Ákvæðið missir þó marks þegar ráðuneytið segir að ólögráða einstaklingur hafi lögvarinn rétt til að stofna félag en meini honum þrátt fyrir það að taka virkan þátt í starfsemi þess og ákvarðanatöku án þess að hafa næga lagastoð fyrir þeirri ákvörðun.

Enn fremur gengur ákvörðun RSK sem ráðuneytið staðfesti ásamt ákvæðinu í frumvarpi til laga um félög til almannaheilla gegn rétti barna til tjáningar og þátttöku í samfélaginu sem er sérstaklega tryggður í 12. til 17. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. En þar er meðal annars sérstaklega tryggður stigvaxandi réttur barna og ungmenna til þátttöku í öllum málum sem þau varða.

Þar sem Barnasáttmálinn gerir kröfu um þátttöku barna í ákvarðanatöku og stefnumótun skora neðangreindir aðilar á íslensk stjórnvöld til að innleiða sáttmálann að fullu, virða réttindi barna og ungmenna og falla frá ólögumætum verkferlum. Í sáttmála ríkisstjórnarflokkanna kemur fram að gott samfélag sé barnvænt samfélag og að framfylgja þurfi ákvæðum Barnasáttmálans, m.a. um aukin áhrif barna í samfélaginu. Lögfesting Barnasáttmálans gerir kröfu um að ákvæði hans verði innleidd með skipulegum hætti í lagaumhverfi og framkvæmd og að hlustað sé á sjónarmið barna í öllum málum er þau varða. Til þess að taka fullt tillit til þarfa og hagsmuna barna á öllum sviðum samfélagsins þarf að styðja við réttindi þeirra til virkrar þátttöku við ákvarðanatöku innan þeirra stofnana og félaga sem um þau fjalla.

Í von um tafarlausar úrbætur og aukin áhrif barna og ungmenna í íslensku samfélagi,

Landssamband ungmennafélaga
Ungar athafnakonur
Samband íslenskra framhaldsskólanema
Ungir umhverfissinnar
Ungir Evrópusinnar
Samband ungra framsóknarmanna

Stúdentaráð Háskóla Íslands
Alþjóðleg ungmennaskipti
JCI Ísland
Samband ungra bænda
Ungmennaráð UNICEF
AFS á Íslandi
Samfés - Samtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa
Ungir Píratar
Ung Vinstri græn
Núll prósent
Barnahreyfing IOGT
Ungir jafnaðarmenn
Uppreisn: Ungliðahreyfing Viðreisnar
Projekt Polska
Hugrún - Geðfræðslufélag